

Starfsnám læknakandídata og sérnámslækna við Heilbrigðisstofnun Vesturlands Borgarnesi

Á heilsugæslustöð HVE í Borgarnesi fer fram fjölbreytt starfsemi en auk almennrar heilsugæsluþjónustu eins og móttöku, ungbarnaverndar, skólaheilsugæslu og mæðraverndar er þar teymisvinna í kring um vaktþjónustu að deginum, sykursýkismóttöku og lífstílmóttöku.

Upptökusvæði stöðvarinnar er víðfeðmt og nær yfir 5500 ferkílómetra svæði, þar eru u.þ.b 4000 íbúar auk tveggja háskóla með nemendagörðum og ríflega 2000 sumarhúsa. Læknar sinna bráðaðþjónustu á svæðinu allan sólarhringinn ásamt því að sjúkraflutningum er sinnt frá stöðinni, en tveir sjúkraflutningamenn eru á vakt allan sólarhringinn. Á stöðinni starfa tveir sérfræðingar í heimilislækningum í 100% stöðu ásamt því að þar er staða námslæknis í heimilislækningum.

Tekið er vel á móti kandiðötum og sérnámslæknum, þeir fá húsnæði til afnota á námstímanum og bifreið til afnota á vöktum. Samvinna er við mötuneyti hjúkrunarheimilisins Brákarhlíðar og geta starfsmenn keypt hádegismat sem er niðurgreiddur að hluta af HVE. Þeir fá eigin læknastofu með þeim búnaði sem er nauðsynlegur. Laun eru samkvæmt kjarasamningi LÍ.

Aðlögun: Fyrsta daginn eru ekki bókaðir sjúklingar á kandiðat/sérnámslækni, hann fer í gegn um skráningu í Sögukerfi með læknaritara, fær yfirferð yfir sjúkrabíla með neyðarflutningsmönnum stöðvarinnar, fær fund með yfirlækni sem sýnir aðstöðu, tæki og tól og fer yfir ýmis praktísk mál. Einnig er kennsla á röntgentæki stöðvarinnar. Við komu eru afhent blöð með mikilvægum upplýsingum. Annan daginn er bókað létt á viðkomandi svo hann fái tækifæri til að komast inn í starfið.

Vaktir: Vaktir eru frá kl 8 að morgni til kl 8 næsta dag. Geta verið stakir vaktadagar eða samliggjandi 2-3 dagar eins og t.d um helgar þá er vakt frá kl 8 á föstudegi til kl 8 á mánudegi. Vaktafrí er mánudag eftir helgi og stundum á föstudegi ef mikil vaktabyrði. Vaktabyrði er yfirleitt ca 10 vaktir í mánuði en getur verið samkomulagsatriði um fleiri eða færri vaktir. Sérfræðingur er á bak við kandiðat á vöktum.

Fræðsla: Vikulegir fræðslufundir eru á stöðinni á fimmtudögum annars vegar með öllu heilbrigðisstarfsfólki stöðvarinnar tvisvar í mánuði og hins vegar hittast læknar stöðvarinnar tvisvar í

mánuði. Á læknafundum er annað hvort fræðsla eða nótna/tilfella fundir. Einu sinni í viku fær kandídat sérstaka fræðslu hjá sérfræðingi um afmarkað efni einu sinni í viku.

Móttaka með sérfræðingi: Einu sinni í mánuði tekur kandídat/sérnámslæknir á móti sjúklingum hálfan daginn og sérfræðingur situr inni með kandídatnum, fylgist með og ræðir svo tilfellið í kjölfarið.

Myndbandsupptaka: Einu sinni í mánuði er myndbandsupptaka af móttöku viðkomandi. Sjúklingar eru upplýstir er þeir bóka tíma að myndbandsupptaka verði í gangi. Yfirlæknir fylgist með upptökunni og skráir hjá sér það sem mætti betur fara og það sem vel er gert. Síðar horfa sérfræðingur og kandídat/sérnámslæknir á upptökuna þar sem málin eru rædd.

Aðgengi að sérfræðingum: Þar sem stöðin er lítil er samgangur starfsmanna mjög mikill og hefur kandídat/ sérnámslæknir mjög auðveldan aðgang að stuðningi og óskipulagðri fræðslu. Eru tilfelli iðulega rædd að morgni að ósk kandídats eða sérfræðinga.

Námsmat: Námsmat mun verða í samræmi við Marklýsingu kandídatsnáms.